




Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Nes

2021 – 2022



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021 .....	4
3 Innra mat .....	7
3.1 Álfabergs (Hamrar). Börn fædd 2019 .....	7
3.2 Dvergasteinn (Hamrar). Börn fædd 2019 og 2020 .....	10
3.3 Hulduhóll (Hamrar). Börn fædd 2017 og 2018.....	14
3.4 Lundey (Bakki). Börn fædd 2020 .....	17
3.5 Tröllabjarg (Hamrar). Börn fædd 2016 og 2017 .....	20
3.6 Viðey (Bakki). Börn fædd 2016, 2017 og 2018 .....	23
3.7 Þerney (Bakki). Börn fædd 2019 og 2020.....	26
4 Innra mat sérkennslu.....	28
5 Innra mat – fjöltyngd börn .....	29
6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	29
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	30
8 Foreldrasamvinna.....	31
9 Skipulagsdagar .....	32
10 Fylgigögn.....	32
<b>10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....</b>	<b>32</b>
10.2 Fylgiskjal 4 - Leikskóladagatal .....	32



## Leiðarljós leikskólans

Gildi leikskólans Nes eru:

**Virðing:** Viðrum skoðanir annarra og sýnum virðingu í tali og framkomu.

**Samvinna:** Endurmetum starfið í sameiningu og hlustum á raddir hvers og eins.

**Jákvæðni:** Gleði og áhugi einkennir jákvæð samskipti og við mætum barninu þar sem það er statt í þroska og getu.

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn 2020-2021 hefur en og aftur verið frekar óhefðbundin. Við byrjuðum veturinn með bjartsýni um að Covid-19 væri í rénun en svo reyndist ekki. Þrátt fyrir það hafði það lítil sem engin áhrif á okkar starf og aftur í ár stendur upp úr hversu úrræðagott starfsfólkið okkar í raun og veru er.

Endurmenntun starfsfólks gekk vel í vetur og fengum við framhaldsnámskeið hjá Hugarfrelsi sem var í ljósi aðstæðna fór fram á netheimum. Kristín Hildur kom einnig til okkar og fór yfir ferilmöppu- skráningar með okkur þar sem við ætlum að leggja meiri áherslu á ferilmöppu barnanna í vetur. Ekki má gleyma stóra mennastefnudeginum þar sem við fengum meðal annars að kynningu á starfi í öðrum skólum og fyrirlestra um ýmis málefni.

Planið var að fara til Reading í vor en því var frestað, en stefnan er tekin á Brighton í október 2021. Þar munum við fara á námskeið í Barnajóga og einnig á námskeið sem heitir Gólfbókin. Þetta er aðferð upprunalega frá Skotlandi, sem hvetur börn til að rannsaka, skrá og útbúa plön til að byggja upp áhuga og ný tækifæri í umhverfi sínu. Þetta passar vel við skráninguna sem við erum að fara að vinna markvissar í vetur.

Okkur hlakkar mikið til þess að takast á við nýjar áskoranir næsta vetur. Meðal annast erum við að fara taka á móti yngri börnum í báðum húsum og mun það vera heldur betur spennandi skref.

Ég horfi bjartsýn til næsta starfsárs með öllu þessu frábæra starfsfólki sem starfar á Nesi.



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

### Innra mat

Viðhorfskönnun starfsmanna

- **Styrkleikar:** Með því að senda út könnun til starfsmanna fá allir að segja sína skoðun á verkefninu. Höfum endurmetið einu sinni síðan þetta fyrirkomulag kom á og eru allir starfsmenn sáttir við betri vinnutími í dagvinnu.
- **Tækifæri til umbóta:** Styttingin verður endurmetið í desember og svo aftur í vor 2022.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Betri vinnutími í dagvinnu (stytting)	Skoðanakönnun send á starfsfólk	Allir starfsmenn	Fórum í fulla styttingu eftir kosningu hjá starfsfólki.

### Ytra mat

#### Foreldrakannanir:

Leikskólinn sendi foreldrum í janúar rafræna könnun varðandi sumarfríð næsta sumar. Tilgangurinn var sá að fá foreldra til þess að vera með í ákvörðunartöku um hvenær sumarfrí leikskólans ætti að vera. Foreldrar gátu valið um tímabilið 1. júní til 1. september en þurftu að velja fjórar samliggjandi vikur. Þátttaka var góð og var niðurstaðan sú að leikskólinn yrði lokaður frá 14. júlí til 11. ágúst.

Reykjavíkurborg sendi út könnun til foreldra í feb/mars. Niðurstöður úr þeirri könnun var að leikskólinn þurfi að bæta sig í upplýsingaflæði til foreldra. Höfum við gert það á vorönn 2021 með því að senda út vikuleg fréttabréf til foreldra ásamt mánaðarplani sem er sent í byrjun hvers mánaðar. Verður endurmetið að ári.



## Starfsmannakönnun:


Reykjavíkurborg sendi út könnun til allra starfsmanna Reykjavíkur. Leikskólinn Nes kom að mestu leiti vel út úr könnuninni.

- **Styrkleikar:** Gefur öllu starfsfólki rödd til að segja hvað/hvernig því líður í vinnunni.
- **Tækifæri til umbóta:** Vera með starfsmannaviðtöl þar sem fólk getur komið skoðunum sínum á framfæri. Og enn erum við að vinna að skipulagi með styttingu vinnuvikunnar.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Líðan starfsmanna í vinnunni	Starfsmanna-könnun á vegum Reykjavíkurborgar	Allt starfsfólk	Gefur öllu starfsfólki rödd til að segja hvað/hvernig því líður í vinnunni. Leikskólinn Nes kom að mestu leiti vel út úr könnuninni.
Foreldrakannanir	Að fá foreldra til þess að vera með í ákvörðunartöku um vissa atburði á næsta skólaári	Foreldrar og starfsfólk	Foreldrar séu með í að taka ákvarðanir í starfi leikskólans. Fá sendar tvær kannanir yfir árið.



## Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmiðum árangur
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
Skráning – ferilmappa 	Auka leik barnsins sem náms og þroska leið.	Skráning er gerð af starfsfólki bæði í myndum og rituðu máli. Nánar útskýrt á deildum.	Stjórnendur	Haus t 2021	Vor 2022	Endurmetið á deildarfundum og deildarstjórafundum	Skráning segir til um áhuga-svið, styrkleika og félagslega stöðu barnsins.
<b>Innra mat</b>							
Betri vinnutími í dagvinnu	Hvort stytting sé að ganga upp í leikskólanum	Skoðana-könnun send á alla starfsmenn	Allir stjórnendur	Des 2021	Vor 2022	Stjórnendur fara yfir niðurstöður.	Að allt starfsfólk fái rödd til að tjá sig um styttinguna.



### 3 Innra mat

#### 3.1 Álfabergs (Hamrar). Börn fædd 2019

##### Aðlögun nýrra barna

Síðasta vetur var einn af umbótaþáttunum aðlögun nýrra barna og var búið að setja upp nýtt aðlögunarskipulag sem fól í sér meiri viðveru foreldra og meiri þátttöku þeirra í öllu aðlögunarferlinu. Vegna Covid-19 var því miður ekki hægt að klára þennan umbótaþátt og verður hann því endurtekinn.

- **Styrkleikar:** Að foreldrar og börn kynnist leikskólanum, starfsfólki og dagskipulagi á nánari og betri máta með meiri viðveru og þátttöku í öllu aðlögunarferlinu. Foreldrar og börn verði öruggari þegar aðlögun lýkur
- **Tækifæri til umbóta:** Aðlögun mun vera í 4 daga og foreldrar kveðja barnið á degi 4 í stað degi 2 eins og áður var. Í lok aðlögunar verða foreldrar beðnir um að meta þeirra upplifun af aðlöguninni. Sjá betur í umbótaáætlun næsta skólaár.

##### Jóga

Jógastundir voru tvisvar sinnum í mánuði fyrir áramót en einu sinni í viku eftir áramót. Börnin voru mjög áhugasöm í jógastundum. Starfsfólk hefur mikinn áhuga á að halda áfram að þróa jóga með börnunum og á markvissari máta með meiri skráningu.

- **Styrkleikar:** Stuðla að betri andlegri og líkamlegri vellíðan barnanna sem skili sér í betri einbeitingu og slökun yfir daginn.
- **Tækifæri til umbóta:** Setja jógastundir markvisst inn í dagskipulagið allavega 2 sinnum í viku og vera með skráningarbók þar sem allar stundir verða skráðar niður



## Skráning – ferilmöppur



Skráning, ferilmappa: Í ferilmöppu barnsins má sjá feril þess frá upphafi leikskólagöngu til loka hennar. Starfsfólk notar skráningu á leik barnanna ásamt því að taka myndir, sem settar eru í ferilmöppur.

- **Styrkleikar:** Styrkja leik barnanna sem náms og þroska leið. Barnið hafi aðgang að ferilmöppunni sinni öllum tímum og getur sett í hana það sem það vill. Með skráningu sjáum við betur styrk barnsins ásamt félagslegri stöðu þess. Eins fá foreldrar að kynnast leik barnanna betur í gegnum skráningarnar/myndirnar. Skráningarnar nýttast vel við gerð einstaklingsnámskrá barnsins.
- **Tækifæri til umbóta:** Hafa möppurnar inni á deild þar sem barnið nær auðveldlega í þær. Starfsfólk hafi sína stílabók til að skrá niður leikinn.

UMBÓTAPÁT TUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Loki ð	Hvernig metið/aðfer ðir?	Viðmið um árangur
Aðlögun	Að börn og foreldrar upplifi öryggi og aðlagist að leikskólanum	Starfsfólk hefur búið til skipulag fyrir þátttöku-aðlögun sem tekur eina viku	Deildarstjóri. Allt starfsfólk framkvæmir	ágúst	okt	Starfsfólk metur í lok aðlögunar á deildarfundum. Send verður könnun á foreldra um upplifun þeirra af aðlögun	Markmið að 80% foreldra og börn upplifi öryggi og að þau séu velkomin á meðan aðlögun stendur.





<p>Jóga</p> 	<p>Auka andlega vellíðan barnanna með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama</p>	<p>Með reglulegum jóga-stundum sem verða í dagskipu-lagi 2x í viku og skrá þær niður í skráningarbók</p>	<p>Allir starfs-menn á deildinni</p>	<p>Okt</p>	<p>apríl</p>	<p>Skráninga-bók til að meta hvað gengur vel. Deildar-fundir verða notaðir til að meta a.m.k einu sinni í mánuði</p>	<p>Starfs-fólk fylgist með virkni og þátttöku barnanna í stundunum</p>
<p>Skráning – ferilmappa</p> 	<p>Að starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir samskipti/félagsþroska og málþroska barnanna. Barnið hafi aðgang að ferilmöppu sinni og hafi val um það hvað er sett í hana.</p>	<p>Hver starfsmaður hefur glósubók sem skráð er í samskipti/virkni barnanna í starfinu. Teknar eru myndir af börnunum við leik og störf sem nýtast í ferilmöppuna.</p>	<p>Allt starfsfólk ið á deildinni, framkvæmir en deildarstjóri ber ábyrgð.</p>	<p>sept</p>	<p>maí</p>	<p>Endurmetið markvisst deildarfundum.</p>	<p>Skráning segir til um áhuga-svið, styrkleika og félagslega stöðu barnsins.</p>



### 3.2 Dvergasteinn (Hamrar). Börn fædd 2019 og 2020

Með virkri skráningu hvers starfsmanns þá náðum við að hafa mun betri yfirsýn yfir virkni/líðan/þroska/samskipti/leik hvers barns fyrir sig. Við náðum þeim markmiðum sem við settum okkur varðandi skráningu og telst þeim umbótaþætti lokið.

- **Styrkleikar:** Að starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir samskipti/félagsþátt og málþroska barnanna. Einnig meiri yfirsýn yfir hæfni/getu hvers barns fyrir sig. Þannig auðveldar það m.a. vinnu deildarstjóra við gerð einstaklingsáætlanirnar. Einnig hafa allir betri yfirsýn yfir hvert barn fyrir sig til að mynda styrkleika/veikleika hvers barns.
- **Tækifæri til umbóta:** Hver starfsmaður hefur til að mynda glósubók sem skráð er í samskipti/virkni barnanna í leik/samverustundum/tónlistarstundum/jóga/list/frjálsum leik/útivera o.fl. Farið var yfir skráningu á deildarfundum. Deildarstjóri notaðist mikið við glósubækurnar við gerð einstaklingsáætlanirnar. Tökum mikið af myndum af börnunum í leik og í starfi. Förum vel yfir á deildarfundum. Ætlum að halda áfram að halda áfram að vinna með skráninguna og notast við skráningarnar m.a. í ferilmöppu barnsins. Sjá nánar í umbótaáætlun næsta skólaár.

Við náðum ekki að vinna með aðlögunarhátt nýrra barna. En ætlum að gera aðra tilraun nú í haust til þess. Hafa færri börn í einu og lengja viðveru foreldra yfir leikskóladaginn og yfir lengri tíma.

- **Styrkleikar:** Teljum að foreldrar verða öruggari við að skilja börnin eftir og viljum við lengja viðveru foreldra í aðlöguninni. Foreldrar fá aukið tækifæri á sýn leikskólastarfsins yfir daginn.
- **Tækifæri til umbóta:** Við ætlum að hafa 4 daga aðlögun og foreldrar kveðja á degi 4 í stað degi 2. Einnig ætlum við að biðja foreldra að meta aðlögunina að henni lokinni. Sjá betur í umbótaáætlun næsta skólaár.



Við þurftum að breyta tónlistarfyrirkomulaginu þar sem að starfsmaðurinn sem ætlaði að sjá um tónlistina hætti. Þ.a.l. breyttust áherslurnar sem áttu að vera í starfsáætlun 2020-2021. Við breyttum fyrirkomulaginu strax um haustið. Við erum sammála um að við náðum þeim markmiðum sem við settum okkur varðandi tónlistina og er því umbótaáætlun lokið. Höldum óbreyttu fyrirkomulagi næsta skólaár.


- **Styrkleikar:** Okkur fannst mikilvægt að halda tónlistinni inni í aldursskiptum hópum, m.a. til að leggja fyrir fjölbreyttara verkefni fyrir eldri barnahópinn t.d. hlusta eftir takti, klappa atkvæði í orðum.
- **Tækifæri til umbóta:** Til að byrja með lögðum við áherslu á að hafa einfaldar stundir til að gera starfsfólkið öruggara. Vorum alltaf með eins upphaf/endir hjá báðum hópunum, þannig vita börnin hvers er ætlast til af þeim. Notuðum svo deildarfundi til að meta og bæta inn í sérstaklega fyrir börnin fædd 2017. Börnin voru ávallt spennt fyrir að fara í tónlistarstund, þekktu vel fyrirkomulagið og flest allir voru mjög virkir.

Við ákváðum til að byrja með að hafa jóga (heilbrigði, lífstíll og vellíðan) fast í dagsskipulaginu 2x í viku og á ákveðnum dögum – mánudögum og fimmtudögum og var það í morgunsamverustundinni. Notuðum orðið jóga svo börnin myndu þekkja það betur. Eftir því sem starfsfólkið varð öruggara fórum við að notast sífellt meira með öndunaræfingar t.d. fyrir sögulestur, hvíldarstund o.fl.

- **Styrkleikar:** Andlega og líkamlega líðan barnanna bættist. Einbeiting þeirra eflist og þau fundu smám saman hugarró og innri frið.
- **Tækifæri til umbóta:** Eldri börnin voru mjög fær t.d. í slökunaræfingum og hugleiðslusögum. Hvert barn fékk þá kodka sem það lagðist á, lokaði augunum og hlustuðu á hugleiðslusögu. Við höfðum eina jógaæfingu sem æfing vikunnar og urðu börnin mjög fær í jógastundum sem og í jógasögum. Umbótaáætlun heilbrigði, lífstíls og vellíðan tókst. Umbótaáætlun er lokið en starfsfólk deildarinnar er einróma um mikilvægi þessa liðs í starfinu. Endurmetum aftur vorið 2022.





UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATSPÁT TUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðfer ðir?	Viðmið um árangur
 Skráning - ferilmöppur	Að starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir samskipti/félagsþroska og málþroska barnanna. Barnið hafi aðgang að ferilmöppu sinni og hafi val um það hvað er sett í hana.	Hver starfsmaður hefur glósubók sem skráð er í samskipti/virkni barnanna í leik/samverustundum o.fl. Teknar eru myndir af börnunum í leik og í starfi sem nýtast í ferilmöppunum.	Allt starfsfólkið á deildinni, framkvæmir en deildarstjóri ber ábyrgð.	Sept'21	Maí'22	Markvisst endurmetið á reglubundnum deildarfundum.	Það verða til skráningar um hvert barn og starfsfólk hefur betri yfirsýn yfir hæfni/getu hvers barns. Sjá framfarir barnsins t.d. í fínhyfningum, málþroska, félagsþroska. Skráningarnar nýtast fyrir gerð einstaklingsáætlanirnar.



Læsi og samskipti Gefðu 10	Að auka á samtal og jákvæð samskipti við börnin	Notum aðferðina Gefðu 10: við leggjum áherslu á að auka orðaforðan n/gefa börnum tækifæri til virkrar þátttöku í barna- hópnum	Allt starfs- fólkið framkvæmir. Deildar stjóri ber ábyrgð	Okt'2 1	Maí'2 2	Endur- metum á hverjum deildarfundum til að byrja með. Sjáum framfarir hjá börnunum	Starfsfólk fær meira yfirsýn yfir styrkleika/veikleika hvers barns fyrir sig. Hvort auka þurfi sjálfstraust/málproska þeirra á einhverju sviði.  Að allir kennarar eigi í samskiptum við öll börn deildarinnar.
Aðlögunin	Að börnin finni til öryggis þegar þau skilja við foreldra sína á 4 degi aðlögunar	Aðlögunin verður í 4 daga í stað 3	Deildar stjóri ber ábyrgð en allt starfs- fólk framkvæmir	23.ágúst'21	13.sept'21	Búa til stutta könnun/spurningalista sem foreldrar eru beðnir um að svara í lok aðlögunar	Börnin verða öruggari og eiga auðveldara með að skilja við foreldrana. Foreldrar fá innsýn í starf deildarinnar og verða öruggari að skilja við börnin sín.



### 3.3 Hulduhóll (Hamrar). Börn fædd 2017 og 2018

Jógastundirnar hafa gengið vel og eru komnar til að vera og hafa aukið vellíðan barnanna. Jógastundir verða endurmetnar eftir 3 ár.

**Endurmat barnanna.** Viljum að svör barnanna séu markvissari, þ.e. þau svari eftir sinni eigin ákvörðun en taki ekki mið af þeim sem svaraði á undan þeim.



- **Styrkleikar:** Við fáum að heyra skoðun barnanna og þar með hafa þau áhrif á starf deildarinnar. Hvað finnst þeim gaman, hvað vilja þau fá meira af inn á deildina og hvað má fara út af deildinni.
- **Tækifæri til umbóta:** Gera endurmatið sjónrænna með því að nota myndir af leikefninu. Nokkur börn eru spurð í hverri viku, eitt í einu.

#### Einingakubbar

- **Styrkleikar:** Börnin þjálfast í að skiptast á hugmyndum, nýta sameiginlegt rými og hluti. Hvetur til samskipta milli barnanna og eflir félagsþroska. Unnið með stærðfræðihugtök í tiltekt.
- **Tækifæri til umbóta:** Byrja með fáa kubba/form að hausti en setja fleiri inn þegar líður á veturinn.




**Skráning, ferilmappa:** Í ferilmöppu barnsins má sjá feril þess frá upphafi leikskólagöngu til loka hennar. Starfsfólk notar skráningu á leik barnanna ásamt því að taka myndir, sem settar eru í ferilmöppur.

- **Styrkleikar:** Styrkja leik barnanna sem náms og þroska leið. Barnið hafi aðgang að ferilmöppunni sinni öllum tímum og getur sett í hana það sem það vill. Með skráningu sjáum við betur styrk barnsins ásamt félagslegri stöðu þess. Eins fá foreldrar að kynnst leik barnanna betur í gegnum skráningarnar/myndirnar. Skráningarnar nýtast vel við gerð einstaklingsnámskrá barnsins.
- **Tækifæri til umbóta:** Hafa möppurnar inni á deild þar sem barnið nær auðveldlega í þær. Starfsfólk hafi sína stílabók til að skrá niður leikinn.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Endurmat barnanna	Að finna út hvað börnunum líkar best	Að börnin hafi áhrif á starfið. Spyrjum börnin hvað gekk vel og hvað má betur fara. Skráum svörin	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt öllu starfsfólki deildarinnar.	Sept 2021	Maí 2022	Spyrja börnin og skrá svörin í lok hverrar viku. Hafa myndir af leikefni sem þau geta nýtt sér við endurmatið. Endurmeta á deildarfundum.	Að nýta hugmyndir barnanna til að auðga starfið.



<p>Eininga- kubbar</p>	<p>Að börnin þekki form og fjölda</p>	<p>Vinna markvisst með verkefni úr kubbum. Gefa leiknum góðan tíma.</p>	<p>Deildar- stjóri ber ábyrgð öllu ásamt starfsfólki deildarinnar.</p>	<p>Sept · 202 1</p>	<p>Maí 202 2</p>	<p>Skrá ferlið og endurmeta á deildarfundum. Fá fræðslu inn á deildarfundi að hausti.</p>	<p>Að börnin geti nýtt sér tölur í leik og starfi. Einnig að vinnan auki hugtaka- skilning barnanna.</p>
<p>Skráning, ferilmappa</p> 	<p>Auka leik barnsins sem náms og þroska leið. Barnið hafi aðgang að ferilmöppu nni sinni og geti sett inn það sem það vill hafa í henni.</p>	<p>Starfsmenn gera skráningu í leik barnanna, bæði skriflega og taki myndir, sem fara svo inn í ferilmöppuna.</p>	<p>Deildar- stjóri ásamt öllu starfsfólki deildarinnar</p>	<p>Sept 202 1</p>	<p>Maí 202 2</p>	<p>Skráningar ræddar á deildarfundum og ígrundaðar</p>	<p>Skráning segir til um áhuga- svið, styrk- leika og félags- lega stöðu barnsins.</p>





### 3.4 Lundey (Bakki). Börn fædd 2020

#### Jóga:

Unnið var með öndun og jógastöðu mánaðarins í fyrstu samveru dagsins. Börnin voru mjög áhugasöm í jógastundum.

- **Styrkleikar:** Stuðla að betri andlegri og líkamlegri vellíðan barnanna.
- **Tækifæri til umbóta:** Setja jógastundir markvisst inn í hreyfistundir sem eru vikulega.


#### Hreyfing:

Börnin fóru í hreyfistundir einu sinni í viku fyrir áramót. Eftir áramót var deildinni breytt í ungbarnadeild og var þá ekki farið eins markvist vegna aðlögunar og aldurs barnanna.

- **Styrkleikar:** Börnin fengu fjölbreytta hreyfingu fyrir utan venjulega útiveru.
- **Tækifæri til umbóta:** Fara markvist á föstum degi í hreyfistund.

**Vinna með sögur:** Ekki var unnið með þennan lið vegna breytinga á deildarskipulagi og aldri barna á leikskólanum.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Aðlögun</b>	Að börn og foreldrar upplifi öryggi og aðlagist að leikskólanum	Starfsfólk hefur búið til skipulag fyrir þátttöku-aðlögun sem tekur eina viku	Deildarstjóri. Allt starfsfólk framkvæmir	ágúst	Okt.	Starfsfólk metur í lok aðlögunar á deildarfundum. Rætt verður við foreldra í fyrsta viðtali um vorið.	Markmið að 80% foreldra upplifi öryggi og að þau séu velkomin á meðan aðlögun stendur. Að börnin upplifi sig örugg í umhverfinu og sýni því áhuga
<b>Hreyfing</b> 	Skipulögð hreyfistund einu sinni í viku.	Deildarstjóri gerir plan fyrir allan veturinn með mismunandi hreyfistundum í sal.	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir.	Sept. 2021	Maí 2021	Starfsfólk skráir hvernig gengur í hverjum tíma. Síðan er það tekið saman og rætt á deildarfundum.	Öll börn á deildinni hafi fengið að meðaltali eina skipulagða hreyfistund á



							viku yfir veturinn.
Skráning - Ferilmöppur 	Að starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir samskipti/ félags- þroska og málþroska barnanna. Barnið hafi aðgang að ferilmöppu sinni og hafi val um það hvað er sett í hana.	Hver starfsmaður hefur glósubók sem skráð er í samskipti/vir- kni barnanna í starfinu. Teknar eru myndir af börnunum við leik og störf sem nýtast í feril- möppuna.	Allt starfs- fólkið á deildinni, fram- kvæmir en deildar- stjóri ber ábyrgð.	Sept . 202 1	Maí 202 1	Endurmetið markvisst deildar- fundum.	Skráning segir til um áhuga- svið, styrkleika og félags- lega stöðu barnsins.



### 3.5 Tröllabjarg (Hamrar). Börn fædd 2016 og 2017

#### Jóga

Eftir hádegismat er alltaf róleg stund sem byrjar á öndunaræfingum. Gerðar eru jógaæfingar og svo slökun og hugleiðsla. Öndunaræfingar eru líka notaðar í upphafi samverustunda.

- **Styrkleikar:** Börnin slaka vel á og njóta þess að hvílast.
- **Tækifæri til umbóta:** Bæta inn sjálfsstyrkingu þar sem börnin finna styrkleika sína og þeir eru skráðir niður og rætt um líðan.



Slökun og hugleiðsla



Jógaæfingar

#### Að börnin fái tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt:

Í upphafi vetrar voru börnin spurð hvað þau langaði til þess að læra í leikskólanum. Svörin voru margvísleg. Sumir vildu læra að lesa, aðrir að sauma og einhverjir að búa eitthvað til. Vel gekk að vinna þetta verkefni með börnum. Ferlið hjá hverju barni var skráð með myndum og að lokum var tekið viðtal við hvert barn.

- **Styrkleikar:** Börnin hafa áhrif á námið sitt og sjá að þau geta náð markmiðum sínum. Börnin voru mjög stolt og ánægð með vinnu sína. Þetta er verkefni sem er komið til að vera þar sem það er mjög sjálfsefandi fyrir barn að finna að það getur það sem það ætlar sér og mikilvægt að börn fái að koma með hugmyndir sem geta orðið að veruleika. Verður endurmetið aftur eftir þrjú ár.

Brot af hugmyndum og verkum barnanna.



Búa til orm




Sauma




Parísarhjól



Fuglahús

UMBÓTARÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæ ri til umbót a	Aðgerði r til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðfe rðir?	Viðmið um árangur
<b>Sjálfsþing</b> 	Börnin átti sig á því að allir eru góðir í einhver ju	Ræðum um styrk- leika og fáum börnin til þess að finna sína styrk- leika	Allir starfs- menn deildar- innar	Septem ber	Janú ar	Styrkleikar hvers barns verða skráðir og hafðir sýnilegir	Börnin þekkja styrkleika sína og hafa trú á eigin getu
<b>Hljóðvistin á deildinni</b>	Auka hlustun og ein- beiting u og stuðla að betri	Með um- ræðum milli barna og starfs- fólks	Allir starfsme nn deildar- innar	Septem ber	Apríl	Metið í desember og apríl með samtölum við starfsfólk og börn	Betri hlustun barna og betri hljóðvist á deildinni



	skilyrð um fyrir mál- þroska barna	um útbætu r. Leita leiða til að breyta stafs- háttum til að bæta hljóðvis t					
Ferilmappa/skráning í leik	Auka vægi leiksins sem náms og þroska leið barnsins	Starfs- menn gera skránin gar bæði myndir og texta	Allir starfs- menn deildar- innar	Septem ber	Apríl	Skráningar ræddar á deildar- fundum og ígrundaðar	Skráningar til um hvert barn þar sem fylgst er með þroska, námi og velferð þeirra sem nýtist vel í daglegur starfi og við gerð einstaklingsnám sskrár
Vinsemd Félagsfærni 	Að börnin láti sig annt um velferð annarr a auka virðing	Vinna með lífs- leikni verkefn i um vinsem d frá Síðuseli	Allt starfs- fólk deildarin nar	Septem ber	Apríl	Viðtal við hvert barn í september og mars. Umræður við börnin um hvernig þeim finnst góður vinur eigi að vera skráð niður	Uppbyggileg samskipti milli barnanna sem einkennast af virðingu og umburðarlyndi og þau geti sett sig í spor annarra



	u og samkennd barna gagnvart hvert öðru og starfsfólk	, Sunnu-bóli, Króga-bóli					
--	---	--------------------------	--	--	--	--	--

### 3.6 Viðey (Bakki). Börn fædd 2016, 2017 og 2018

**Skipulagðar hreyfistundir:** Börnin á Viðey fóru í skipulagðar hreyfistundir en ekki náðist að gera það eins markvist og áætlað var. Þannig ákveðið hefur verið að halda áfram með þetta markmið.

- **Styrkleikar:** Börnin fengu fjölbreytta hreyfingu fyrir utan venjulega útiveru.
- **Tækifæri til umbóta:** Finna ákveðin tíma og dag sem hreyfistund er.


**Jóga:** Það var alltaf jógastund einu sinni í viku og það gekk nokkuð vel. Það var síðan unnið með eina nýja jógastöðu í hverjum mánuði.

- **Styrkleikar:** Stuðla að betri andlegri og líkamlegri vellíðan barnanna.
- **Tækifæri til umbóta:** Setja jógastundir markvisst inn í hreyfistundir sem eru vikulega.

**Vinna með sögur:** Ekki var unnið með þennan lið vegna breytinga á deildarskipulagi og aldri barna á leikskólanum.






UMBÓTAPÁTTUR/ R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmiðum árangur
<b>Numicon og Tölu kubbar</b>	Að börnin þekki form og fjölda.	Vinna markvisst með verkefni úr kubbum, einu sinni í viku undir leiðsögn.	Deildarstjóri ber ábyrgð og framkvæmir ásamt starfsfólki deildarinnar.	Sept. 2021	Mái 2021	Skrá ferlið og endurmeta á deildarfundum.	Börnin verði fróðari um tölur og form og að þau geta nýtt sér það í leik og starfi.
<b>Hreyfing</b> 	Skipulögð hreyfistunda einu sinni í viku.	Deildastjóri gerir plan fyrir allan veturinn með mismunandi hreyfistundum í sal.	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir.	Sept. 2021	Mái 2021	Starfsfólk skráir hvernig gengur í hverjum tíma. Síðan er það tekið saman og rætt á	Öll börn á deildinni hafi fengið að meðalta







						deildar- fundum.	li eina skipu- lagða hreyfi- stund á viku yfir veturin n.
Skráning - Ferilmöppur 	Að starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir sam- skipti/ félags- þroska og mál- þroska barnanna . Barnið hafi aðgang að feril- möppu sinni og hafi val um það hvað er sett í hana.	Hver starfsmaður hefur glósubók sem skráð er í samskipti/virk- ni barnanna í starfinu. Teknar eru myndir af börnunum við leik og störf sem nýtast í ferilmöppuna .	Allt starfsfólkið á deildinni, framkvæm- ir en deildar- stjóri ber ábyrgð.	Sept . 202 1	Maí 202 1	Endurmetið markvisst deildarfundu- m.	Skráning- g segir til um áhuga- svið, styrk- leika og félags- lega stöðu barnsin- s.

### 3.7 Þerney (Bakki). Börn fædd 2019 og 2020

Við opnuðum Þerney aftur í mars 2021 og þar með er hún ný yngri barnadeild.

UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Gönguferð</b>	Vera tilbúin í fjörulalla vorið 2022	Stuttar gönguferðir einu sinni í viku.	Deildar- stjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir.	Sept .2021	Maí 2021	Endurmetið markvisst deildar- fundum.	Öll börnin geti labbað niður í fjöru vorið 2022.
<b>Hreyfing</b> 	Skipulögð hreyfi- stund einu sinni í viku.	Deildarstjóri gerir plan fyrir allan veturinn með mismunandi hreyfistundum í sal.	Deildar- stjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir.	Sept .2021	Maí 2021	Starfsfólk skrárir hvernig gengur í hverjum tíma. Síðan er það tekið saman og rætt á deildar- fundum.	Öll börn á deildinni hafi fengið að meðalta li eina skipu- lagða hreyfi- stund á viku yfir veturinn.
<b>Skráning - Ferilmöppur</b> 	Að starfsfólk hafi betri	Hver starfsmaður hefur glósubók sem	Allt starfsfólkið á deildinni, framkvæmir	Sept .2021	Maí 2021	Endurmetið markvisst deildar- fundum.	Skráning segir til um áhuga-

	<p>yfirsýn yfir samskipti/félagsþroska og málþroska barnanna. Barnið hafi aðgang að ferilmöppu sinni og hafi val um það hvað er sett í hana.</p>	<p>skráð er í samskipti/virkni barnanna í starfinu. Teknar eru myndir af börnunum við leik og störf sem nýtast í ferilmöppuna.</p>	<p>r en deildarstjóri ber ábyrgð.</p>				<p>svið, styrkleika og félagslega stöðu barnsins .</p>
--	--	--	---------------------------------------	--	--	--	--



## 4 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2020-2021

<p><b>Skipulagning sérkennslu 2020-2021</b> Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Veturinn 2020-2021 voru 4 börn á Nesi með úthlutaða tíma, þar af eitt barn í 1.flokki. Það voru starfandi 3 sérkennarar, tveir í fullu stafi og einn í 50 %.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b> Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Öll börn á Hömrum voru skimuð með TRAS og á Bakka voru þau börn sem sýndu frávik skimuð með TRAS. Ekki náðist að skima öll börn á Bakka vegna þess að eingöngu faglærðir mega leggja þessa skimun fyrir börnin. Lagt var HLJÓM-2 fyrir öll elstu börn á leikskólanum.</p>

### Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að fagfólk fari á TRAS námskeið	Að allt fagfólk hafi þekkingu á því að taka TRAS próf	Gefa fólki tækifæri á að komast á TRAS nám-skeið	Stjórn-endur	Haust 2021	Vor 2022	Á deildarstjórafundi að vori	Að TRAS skimun verði reglulega lögð fyrir 80% barna í Nesi



## 5 Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Hefur farið inn í launakostnað. Nes hefur ekki fengið háa upphæð vegna þess hve fá fjöltyngd börn eru í leikskólanum
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið var markvisst með orðaforða inn á deild og við nýttum okkur „Gefðu 10“ aðferðina. Eitt barn var einnig í einstaklings þjálfun hjá sérkennslustjóra ca. þrisvar í viku.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Það er lesið fyrir öll börn á Nesi á hverjum degi.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við höfum notast við orðalista sem við útbjuggum og síðan notum við einnig TRAS á fjöltyngdu börnin.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Deildarstjóri ber ábyrgð á að skima málþroska barnanna og lætur sérkennslustjóra inn í málið ef þörf er á.

## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarviðtöl fara fram í janúar til mars. Allt starfsfólk fær spurningar á blaði viku fyrir viðtölin til þess að undirbúa sig. Viðtölin fara fram á skrifstofu leikskólastjóra og eru um klst. í senn. Farið er í gegnum hvernig starfsmanni líður í vinnunni, hverjir styrkleikar þeirra eru og hvaða námskeið starfsmaður hefur áhuga að fara á.



## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

### Nes -Hamrar:

Elstu börnin í Hömrum koma til með að fara í samstarf við Borgaskóla eftir áramót. Börnin koma til með að fara út í Borgaskóla einu sinni í viku í alls 8 vikur. Unnið verður með Söguaðferðina (e.Story-line) þar sem tekin er fyrir einn sögurammi. Í lok rammans er haldin hátíð eða sýning þar sem foreldrum er boðið að koma og sjá afraksturinn.

Einnig verið heimsóknir í skólann þar sem börnin fá að kynnst list- og verkgreinum skólans. Þau fara í heimsókn til barna í 1. bekk eftir áramót og vinna með þeim verkefni. Börnin heimsækja einnig frístundina Hvergiland eftir áramót.

### Nes – Bakki:

Elstu börnin á Bakka koma til með að fara í heimsóknir út í Engjaskóla ca. einu til tvisvar í mánuði jafnt yfir skólaárið. Þar fá börnin að kynnst skólstarfinu, meðal annars með því að koma inn í tíma hjá 1. bekk og vinna verkefni með þeim. Börnin heimsækja einnig frístundina Brosbæ einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót.

Einnig eru heimsóknir í list- og verkgreinar að vori.

Markmiðin með heimsóknunum er

- Að efla enn frekar samvinnu leik- og grunnskóla, þannig að samfellan verði markvissari á milli skólastiganna.
- Að í gegnum leik verði börnin undirbúin fyrir næsta skólastig t.d. lestrar- og stafabjálfun, talnaskilning og hugtakabjálfun.

Hverju skilar starfið

- Eykur sjálfstraust barnanna og þau eignast hlutdeild í grunnskólanum
- Börnin læra á skólaumhverfið og þekkja starfsmenn og reglur skólans
- Eykur áhuga á ritmáli og hvetur börnin til þess að skrifa
- Börnin eru öruggari við upphaf grunnskólagöngunnar



Á síðasta skólaári var því miður ekki hægt að heimsækja skólann eins oft og áður. Börnin á Bakka fóru þrisvar í heimsókn í Engjaskóla eftir áramót, þar sem börnin fengu að kynna skólustarfinu. Börnin á Hömrum fóru í eina heimsókn í Borgaskóla í byrjun júní þar sem börnin fengu kynningu á skólanum, voru í tíma með fyrsta bekk og fóru í frímínútur. En við vonumst til að áætlun okkar standist fyrir næsta skólaár. Skilafundir voru í júní á milli leikskólans og grunnskólanna beggja.

## 8 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð:** Foreldraráð skipa 3 foreldrar og leikskólastjóri. Kosið er annað hvert ár að hausti. Hópurinn hittist þrisvar til fjórum sinnum á ári. Foreldraráð fær starfsáætlun til yfirlstrar auk annarra mála sem upp koma. Engin föst áætlun er yfir fundina en foreldraráðið ásamt leikskólastjóra eru með lokaðan spjallhóp á facebook þar sem þau ræða það sem er framundan. Eitt foreldraráð verður starfandi í Nesi.
- **Foreldrafundir:** Einn foreldrafundur er haldin á ári og er hann í september. Þar er farið yfir vinnu vetrarins. Fyrst hittast allir í sal þar sem foreldrar eru boðnir velkomnir og farið yfir ýmsar upplýsingar og kynningu á starfsfólki sem er utandeilda. Síðan fara foreldrar inn á deildar hjá sínu barni þar sem deildarstjóri ásamt starfsfólki fer yfir efni sem við komum til með að vinna með næsta vetur. Foreldrafundirnir verða í vikunni 27.- 30. september.
- **Foreldraviðtöl:** Foreldrar nýrra barna koma í viðtöl á vorin áður en barnið byrjar í leikskólanum. Í viðtölunum fá deildarstjórar upplýsingar um barnið og foreldrar fá upplýsingar um leikskólann, starfið og hvernig aðlögun er háttað. Foreldraviðtöl barna í leikskólanum eru tvisvar á ári, eitt í október og hitt í marz. Í Hömrum gera deildarstjórar einstaklingsáætlun fyrir hvert barn og fara yfir hana með foreldrum í viðtalinu. Í Bakka eru gerðar námsöguskráningar sem er síðan farið yfir í foreldraviðtölum að vori. Foreldrar skrá sig í viðtölin á blaði sem er á hurð deildar.



- **Foreldrafélag:** Allir foreldrar eru meðlimir í foreldrafélagi leikskólans. Í stjórn eru foreldrar frá flestum deildum. Valið er í stjórnina á haustin. Foreldrafélagið skipuleggur og fjármagnar ýmsar uppákomur í leikskólanum fyrir börnin í samstarfi við starfsfólk. Þau senda út gíróseðla tvisvar á ári sem nýtist í það sem foreldrafélagið stendur fyrir. Foreldrafélagið sér um jólagjafir til barnanna, piparkökumálun fyrir jólin, borga leiksýningu sem kemur í leikskólann, sumarhátíð og sveitaferð sem farin er að vori.

## 9 Skipulagsdagar

4. október 2021. Sameiginlegur með leik- og grunnskólum í Grafarvogi

5. nóvember 2021.

3. janúar 2022

7. febrúar 2022. Leikskólaráðstefna

22. apríl 2022

9. maí 2022. Sameiginlegur með leik- og grunnskólum í Grafarvogi

## 10 Fylgigögn

### 10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

### 10.2 Fylgiskjal 4 - Leikskóladagatal

F. h. leikskólans Nes

\_\_\_\_\_  
Erna Jónsdóttir  
Leikskólastjóri

\_\_\_\_\_  
24. júní 2021  
Dagsetning






## Fylgiskjal 3

# Starfsáætlun 2021 – 2022

## Nes



## Umsögn foreldraráðs

### Foreldraráð leikskólans skipa:

**Bakkí:**

**Arna Lind Sigurðardóttir**

**Benta M. Briem**

**Hamrar:**

**Veróníka Björk Gunnarsdóttir**

**Áslaug Þórdís Gissurardóttir**

**Sædis Jana Jónsdóttir**



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



## **Umsögn foreldraráðs:**

### **Bakki:**

Foreldraráð Bakka er í megin atriðum ánægt með starfsáætlun vetrarins 2021-2022.

Mikilvægt er að starfsstöðvarnar tvær Bakki og Hamrar fái að halda sínum sérstöðum og erum við ánægð að sjá að verið sé að rýna í síðasta vetur og markmið sett fyrir hvora starfsstöð um það sem betur má fara. Umbótaráætlun er hnitmiðuð og skýr.

Foreldraráði finnst áætlun taka mið af þörfum bæði einstaklinga og hópa sem og mismunandi þörfum barna.

Tekið er fram í starfsáætlun að leikskólinn hafi bætt sig í upplýsingaflæði til foreldra, vikuplan og mánaðarplan sent út. Foreldraráð hefur ekki orðið vart við þessar breytingar og má gera mun betur í upplýsingaflæði, td væri gaman ef hægt væri að veita upplýsingar um jógastöðu mánaðarins eða hvaða stafi er verið að vinna með í Lubba svo hægt sé að virkja og ýta undir áhuga barnanna líka heima við. Foreldraráði þætt einnig vænt um að sjá myndir úr starfseminni. Það væri mikil bæting ef Vala appið væri meira notað t.d. ef myndir væru reglulega settar þar inn. Við höfum tekið eftir því hvað börnin hafa einnig gaman af því að sjá myndir úr leikskólanum.

Aukið upplýsingaflæði og bætt aðgengi að myndum hefði sérstaklega átt erindi á þessum skólavetri þar sem aðgengi foreldra var mjög skert að leikskólanum og allir viðburðir voru felldir niður vegna takmarkanna.

Foreldraráð er spennt yfir þeim úrbótum sem tengjast skráningu í ferilmöppur þar sem það býður uppá mikla möguleika með að fylgjast með þroska barnanna gegnum árin og gefur í lok leikskólagöngunnar góðar minningar sem gaman er að eiga.



## **Hamrar**

Foreldraráð hefur engar sérstakar athugasemdir.

## **Bakki**

Foreldraráð er ánægt með hversu mikill samgangur er á milli deilda á Bakka og hefur trú á að samvinna gangi vel bæði milli kennara og milli nemenda.

Almenn ánægja er með hvernig skólinn tengir heilsuefli inn í starfið eins og með reglulegum hreyfistundum og jóga.

Mjög mikil ánægja er með reglulegar fjöruferðir og er mikilvægt að halda þeim áfram þar sem þetta er eitt af sérstöðum leikskólans.

Mikil áhersla er lögð á útiveru sem börnunum finnst gaman og þætti okkur gaman að sjá meiri not af baklóðinni og þannig að baklóðin væri sett í vikulega dagskrá barnanna þar sem hún býður upp á mikla möguleika og ýtir undir ímyndunarleik og frjóhugsun.

Á leikskólalóðinni er möguleiki á matjurtagarði og væri það skemmtileg viðbót að nýta það.

Samstarf leikskóla og grunnskóla er á dagskrá og er mikilvægt að börn fái að kynnast sínum grunnskóla svo aðlögun á skólastig verði sem auðveldust fyrir börnin. Það má þó taka fram að aðlögun skólabarna fædd árið 2014 gekk mjög vel þrátt fyrir að börnin hefðu aldrei farið inn í Engjaskóla áður.

Það er gaman að sjá að kennarar Bakka fá mikið af hugmyndum frá börnunum og vinna starfið í samvinnu við þau.



Tekið er fram í 8 kafla skýrslunnar að foreldraráð hittist 3-4 sinnum á ári og sé með lokaðan spjallhóp á facebook þar sem einhver umræða geti farið fram en meðlimir þessa foreldraráðs kannast hvorki við fundi né eru meðlimir í neinum sérstökum spjallhóp og úr því mæti ráða bót á. Þetta sama atriði var nefnt í skýrslu árið 2019 og hefur enn ekki breyst.

Að lokum verður að nefna að menntuðum leikskólakennurum hefur fækkað gríðarlega og er ákveðinn áhyggjupáttur, td er áhyggjuefni að ekki hafi tekist að skima öll börn á Bakka með TRAS vegna skorts á menntuðu starfsfólki. Auk þess kannast foreldraráð ekki við að niðurstöður þessara skimana hafi verið tilkynntar foreldrum, eða skorti á skimunum.

Þá er mikilvægt að leikskólakennarar séu allir samstíga og fylgi sömu stefnu og gildum. Stefna og gildi leikskólans mætti vera meira áberandi til allra, foreldra, barna og starfsfólks.

#### **Hamrar:**

Foreldraráðið er sammála öllum helstu áherslum leikskólans. Við teljum mikilvægt að kennsla barnanna sé fjölbreytt og skapandi. Áhersla á jóga, lenging aðlögunar og notkun á þroskandi efniviðs er einnig mjög jákvætt að okkar mati.

Það er mjög jákvætt að sjá að það gengur vel með þær áherslur sem voru lagðar fyrir síðasta vetur, og að mörgum fyrri umbótaratriðum hefur verið lokið. Foreldraráðið telur endurmat barna vera mikilvægan lið í starfsemi leikskólans. Það er nauðsynlegt að börnin, sem eru helstu þátttakendur í námsefni leikskólans, hafi eitthvað að segja um þau verkefni sem lögð eru fyrir.

Foreldrakannanir og vikupóstar eru áfram frábær leið til þess að halda uppi betra upplýsingaflæði milli leikskólans og foreldra.

Einnig var stofnaður facebook aðgangur fyrir foreldra barna á leikskólanum sem eflir upplýsingaflæði betur á meðal foreldra, foreldrafélagsins og starfsmanna.



Gaman er að sjá að verið er að taka leikskólalóðina í gegn og foreldraráðið fagnar því (bæði því sem búið er að gera og því sem á eftir að klára).

Áform um samstarfið við Borgaskóla lítur vel út og vonandi gengur það eftir áætlun.







ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1	S	1	M	1	F	1	M	1	M	1	L	1	Þ	1	Þ	1	F	1	S	1	M
2	M	2	F	2	L	2	Þ	2	F	2	S	2	M	2	M	2	L	2	M	2	F
3	Þ	3	F	3	S	3	M	3	F	3	M	3	F	3	F	3	S	3	Þ	3	F
4	M	4	L	4	M	4	F	4	L	4	Þ	4	F	4	F	4	M	4	M	4	L
5	F	5	S	5	Þ	5	F	5	S	5	M	5	L	5	L	5	Þ	5	F	5	S
6	F	6	M	6	M	6	L	6	M	6	F	6	S	6	S	6	M	6	F	6	M
7	L	7	Þ	7	F	7	S	7	Þ	7	F	7	M	7	M	7	F	7	L	7	Þ
8	S	8	M	8	F	8	M	8	M	8	L	8	Þ	8	Þ	8	F	8	S	8	M
9	M	9	F	9	L	9	Þ	9	F	9	S	9	M	9	M	9	L	9	M	9	F
10	Þ	10	F	10	S	10	M	10	F	10	M	10	F	10	F	10	S	10	Þ	10	F
11	M	11	L	11	M	11	F	11	L	11	Þ	11	F	11	F	11	M	11	M	11	L
12	F	12	S	12	Þ	12	F	12	S	12	M	12	L	12	L	12	Þ	12	F	12	S
13	F	13	M	13	M	13	L	13	M	13	F	13	S	13	S	13	M	13	F	13	M
14	L	14	Þ	14	F	14	S	14	Þ	14	F	14	M	14	M	14	F	14	L	14	Þ
15	S	15	M	15	F	15	M	15	M	15	L	15	Þ	15	Þ	15	F	15	S	15	M
16	M	16	F	16	L	16	Þ	16	F	16	S	16	M	16	M	16	L	16	M	16	F
17	Þ	17	F	17	S	17	M	17	F	17	M	17	F	17	F	17	S	17	Þ	17	F
18	M	18	L	18	M	18	F	18	L	18	Þ	18	F	18	F	18	M	18	M	18	L
19	F	19	S	19	Þ	19	F	19	S	19	M	19	L	19	L	19	Þ	19	F	19	S
20	F	20	M	20	M	20	L	20	M	20	F	20	S	20	S	20	M	20	F	20	M
21	L	21	Þ	21	F	21	S	21	Þ	21	F	21	M	21	M	21	F	21	L	21	Þ
22	S	22	M	22	F	22	M	22	M	22	L	22	Þ	22	Þ	22	F	22	S	22	M
23	M	23	F	23	L	23	Þ	23	F	23	S	23	M	23	M	23	L	23	M	23	F
24	Þ	24	F	24	S	24	M	24	F	24	M	24	F	24	F	24	S	24	Þ	24	F
25	M	25	L	25	M	25	F	25	L	25	Þ	25	F	25	F	25	M	25	M	25	L
26	F	26	S	26	Þ	26	F	26	S	26	M	26	L	26	L	26	Þ	26	F	26	S
27	F	27	M	27	M	27	L	27	M	27	F	27	S	27	S	27	M	27	F	27	M
28	L	28	Þ	28	F	28	S	28	Þ	28	F	28	M	28	M	28	F	28	L	28	Þ
29	S	29	M	29	F	29	M	29	M	29	L	29	Þ	29	Þ	29	F	29	S	29	M
30	M	30	F	30	L	30	Þ	30	F	30	S	30	M	30	M	30	L	30	M	30	F
31	Þ			31	S			31	F	31	M			31	F			31	Þ		

### Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.